

til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 190.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 95/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Birgi Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjárdráttur. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en jafnframt áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til þyngingar og þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt öllum ákæruliðum.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Kristjánsson, greiði allan kostnað af

áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3000.00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 22. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 670/1980: Ákærvaldið gegn Birgi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 9. þ. m., gegn Birgi Kristjánssyni, Strandaseli 2, Reykjavík, fæddum 22. október 1944 í Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot framin í Reykjavík á árinu 1979, nema annars sé getið:

I. Tekið á leigu handslípivél þann 31. maí 1977 hjá vélaleigu Eyjólfssonar, Seljabraut 52, Reykjavík, án þess að standa skil á leigu eða vélinni sjálfri, sem ákærði ráðstafaði annað, en óvíst hvert.

II. Í september 1979 tekið við samtals kr. 700.000 úr hendi konunnar I. I. sem fyrirframgreiðslu til efniskaupa og fyrir vinnu á heimili konunnar og staðið skil á hvorugu, en notað peningana í þágu fyrirtækis síns, Húseignaþjónustunnar sf.

Teljast framangreindir verknaðir varða aðallega við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 247. gr. laganna.

III. Falsað nafn Árna Kristinssonar á umsókn um stofnun tékkareiknings nr. 3463 í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík 11. júní 1979 og eftir opnun reikningsins gefið út í júní 1979 með sama nafni alls 11 tékka til handhafa og notað í viðskiptum:

1. Nr. 281501, kr. 20.000, dagsettur 14. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er með framsali ákærða og áritun sparisjóðsins á bakhlið.

2. Nr. 781502, kr. 50.000, dagsettur 14. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Sigfúsi Sigurðssyni, Garðastræti 49, Reykjavík.

3. Nr. 781503, kr. 10.000, dagsettur 15. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af sama manni.

4. Nr. 781504, kr. 17.000, dagsettur 15. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Gunnari Sch. Sigurðssyni, Mávahlið 46, Reykjavík.

5. Nr. 781505, kr. 10.000, dagsettur 16. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Laugavegs Apóteki, Laugavegi 16, Reykjavík.

6. Nr. 781506, kr. 15.000, dagsettur 16. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Fossnesti, Selfossi.

7. Nr. 781507, kr. 10.000, dagsettur 16. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Blómavali, Sigtúni, Reykjavík.

8. Nr. 781508, kr. 5.000, dagsettur 17. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Brauðbæ, Reykjavík.

9. Nr. 781509, kr. 10.000, dagsettur 17. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af versluninni Kjalfelli sf., Gnoðarvogi 78, Reykjavík.

10. Nr. 781510, kr. 10.000, dagsettur 18. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Fínpússningu sf., Dugguvogi 6, Reykjavík.

11. Nr. 781511, kr. 7.000, dagsettur 18. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Sveini Egilssyni hf., Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

1. Hinn 13. mars 1979 kærði Eyjólfur Gunnarsson, Seljabraut 52, yfir því til rannsóknarlögreglu ríkisins, að ákærði hefði hinn 31. maí 1977 tekið hjá vélaleigu sinni á leigu handslípivél af gerðinni Wolf og ekki skilað vélinni aftur, þótt margsinnis hefði verið rekið eftir því. Verðmæti vélarinnar kvað Eyjólfur um 80 þús. kr.

Ákærði kannast við, að hann hafi tekið vélina á leigu og að hann hafi ekki staðið skil á henni. Hann neitar því hins vegar, að hann hafi selt vélina né fénytt sér hana á annan hátt. Hann segist hafa um þessar mundir stundað húsaviðgerðir. Hann kveður vélina hafa verið í sinni vörslu eða starfsmanna sinna, er hann fór til útlanda, og hafi þá allt verið komið í vitleysu með verk þau, er hann hafði á hendi, eins og ákærði orðar það. Síðan viti

hann ekkert um, hvað um vélina hafi orðið, en hefur getið sér þess til, að starfsmenn hans hafi tekið vélina upp í vangreidd laun. Ekki hefur ákærði þó fært sönnur á það, og við rannsókn málsins hefur ekki komið í ljós, hvað orðið hafi um vélina.

2. Í septemberbyrjun 1979, er ákærði fékkst enn við húsaviðgerðir, tók hann að sér viðgerðir á húsi Ingibjargar Ingibjartsdóttur, Bjargarstíg 16 hér í borg. Var um að ræða viðgerðir bæði utanhúss og innan. Er sannað, að ákærði tók fyrirfram við greiðslum frá Ingibjörgu, hinn 5. sept. við 200 þús. kr. „fyrir efni og vinnu“, eins og það er orðað í kvittun, og 11. sept. 500 þús. kr. „inn á verk v/Bjargarstíg 16“. Þá er leitt í ljós, að ákærði lét í staðinn hvorki efni né vinnu í té, nema hvað hann annaðist smáviðgerð á hurðarhúni. Stendur enn við það, að Ingibjörg hefur ekkert annað fengið fyrir greiðslur sínar.

Ákærði kannast við, að fé þetta, 700 þús. kr., hafi runnið inn í rekstur Húseignaþjónustunnar s/f, er hann kveðst hafa rekið. Kannast hann við, að hann hafi ekki innt verkið af höndum. Hann ber því við, að hann hafi verið settur í afplánun refsingar, en svo sem síðar kemur fram, var hann dæmdur 12. des. 1979 í 6 mánaða fangelsi og hefur afplánað þann dóm. Ákærði neitar því, að hann hafi fengið greiðslurnar án þess að ætla sér að vinna verkið, en þetta hafi lent í undandrætti.

3. Hinn 11. júní 1979 opnaði ákærði ávísanareikning í Sparisjóði vélstjóra og gaf þá upp nafnið Árne Kristinsson, Strandaseli 2. Hann sýndi þá ökuskríteini Árna Kristinssonar, Laugarnesv. 48, fædds 29. júlí 1947, nafnr. 0526-2518. Skríteini þetta segist ákærði hafa fengið hjá manni, er hann vill ekki nafngreina. Inn í skríteinið hafði ákærði límt mynd af sér. Ákærði ritaði nafnið Árne Kristinsson undir umsókn um opnun reikningsins svo og undir innleggsnótu að fjárhæð 60.000 kr. Dagana 14. til 18. júní gaf ákærði svo út 11 tékka á reikninginn og undirritaði þá með nafni Árna. Notaði hann tékkana í ýmsum viðskiptum, að eigin sögn bæði til persónulegra þarfa eða í þágu Húseignaðjónustunnar, svo sem segir í ákæru, en eins og þar kemur fram, er ekki í öllum tilvikum upplýst, hvaða greiðslur ákærði innti af höndum með tékkunum.

Innborganir hafa borist á reikninginn fyrir öllum tékkunum, þannig að tékkaeigendur urðu ekki fyrir neinu fjártjóni.

Ákærði segist vegna fortíðar sinnar ekki hafa getað fengið opnaðan tékkareikning á sínu nafni, en þurft nauðsynlega á reikningi að halda vegna starfsemi sinnar. Hafi hann því gripið

til þess ráðs að nota nafn Árna, þar sem hann hafði ökuskríteini hans undir höndum.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu kemur fram, að Árni hafði týnt skríteininu, en ekki mundi hann hvenær.

Niðurstöður.

Um slípivél þá, sem I. ákærupáttur fjallar um, er það að segja, að ekki er leitt í ljós, hvað um hana hafi orðið. Að vísu er ljóst, að ákærði stóð ekki skil á henni, en það kann að stafa af orsökum, sem ákærða verður ekki gefin refsiverð sök á. Þykir ekki sannað, að hann hafi selt vélina eða fénytt sér hana. Ber að sýkna ákærða af þessum ákærulið, og samkvæmt því verður ekki tekin til meðferðar í máli þessu fjárfkrafa, sem eigandi vélarinnar hafði sett fram.

Ekki þykir sannað, að ákærði hafi beinlínis haft í huga að nota sér fé það, sem Ingibjörg Ingibjartsdóttir greiddi honum, án þess hann ætlaði sér að inna verkið af höndum. Hins vegar er ljóst, að ákærða var óheimilt að ráðstafa fé þessu nema í þágu verks þess, sem hann hafði tekið að sér, svo sem til efniskaupa eða upp í áfallin vinnulaun. Með því að eyða fénu til annars hefur ákærði gerst sekur um fjárdrátt, er varðar við 247. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði notaði í lögskiptum við Sparisjóð vélstjóra o. fl. skjöl, sem hann hafði í heimildarleysi undirritað nafni Árna Kristinsonar. Hafa ber þá í huga, að ákærði sveik ekki út fé með tékkum þeim, sem hann notaði, og er ósannað, að hann hafi haft slíkan fjárvinning í huga. Þessi brot ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsíðómum:

- 1963 1.500 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðalagabrot.
- 1963 8 daga varðhald fyrir umferðalagabrot.
- 1965 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og svik.
- 1965 4.000 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðalagabrot.
- 1966 6 mánaða fangelsi fyrir svik (skilorð dóms frá 14. apríl 1965 rofið).
- 1968 20 daga varðhald fyrir umferðar- og áfengislagabrot.
- 1969 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 1971 3 mánaða fangelsi fyrir svik.

- 1972 20 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, svik og nytjastuld og brot gegn 110. gr. hegningarlaga.
- 1974 7 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.
- 1975 sakfelldur fyrir skjalafals og svik, en refsing ekki dæmd.
- 1975 15 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjárdrátt og svik.
- 1978 150.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur.
- 1979 (12. des.) 6 mánaða fangelsi fyrir svik.

Ákærði hafði 10. febr. 1978 fengið reynslulausn á 146 fangelsisdögum, er hann átti eftir að afplána samkvæmt eldri dómum. Dagar þessir eru innifaldir í refsingu skv. dómi 12. des. 1979.

Í sakavottorði kemur einnig fram, að ákærði hafi 1969 verið dæmdur í eftirlit (skyddstilsyn) í Gautaborg vegna þjófnaðarbrotis.

Refsingu ákærða ber að dæma sem hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga, þar sem brotin eru öll framin fyrir 12. des. 1979, er ákærði var síðast dæmdur í refsingu. Enn fremur verður að taka tillit til 72. og 255. gr. hegningarlaga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti fangelsi 4 mánuði.
 Ákærði greiði kostnað sakarinnar.
